



Samþykkt um varmadælur

Almennt

Sækja þarf um leyfi fyrir uppsetningu á varmadælum til Tæknideildar Snæfellsbæjar í þéttbýli og á frístundarsvæðum. Umsókn þarf að vera skrifleg og undirrituð af eiganda. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn er sýna staðsetningu, útlit og gerð varmadælu.

Staðsetning

Staðsetning varmadæla (á lóð/húsi) skal vera þannig að sem minnst hávaðatruflun verði. Varmadælur s.s. vatn í loft eða vatn í vatn þar sem setja þarf lagnir í jörð þarf að útfæra með þeim hætti að ekki sé farið inn á aðrar skipulagðar lóðir eða önnur opin svæði sem eru líkleg til framtíðarskipulags. Umfang lagna skal vera eins lítið og mögulegt er, til að nýta landið sem best. Frágangur lagna í jörð skal vera til fyrirmyndar.

Nákvæm teikning vegna lagna í jörð þarf að skila með umsókn og þarf umsóknin að fá samþykki umhverfis- og skipulagsnefndarinnar. Ef til skipulags eða annarra breytinga kemur, þannig að fjarlægja eða breyta þurfi lögnum skal eigandi lagna standa kostnað af því.

Hljóðvist

Hávaði sem fólk í mannvirki eða næsta nágrenni skynjar vegna varmadæla skal vera viðunandi og ekki hærrí en svo að það geti sofið, hvílst og starfað við eðlileg skilyrði. Uppfylla skal kröfur byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og kröfur staðalsins ÍST 45 um hljóðvist, ásamt reglugerð um hávaða nr. 724/2008.

Með nýjum byggingum skv. byggingarreglugerð skal leggja fram greinargerð vegna hljóðvistar með öðrum hönnunargögnum vegna varmadæla.

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt.

Samþykkt í umhverfis- og skipulagsnefnd 29. nóvember 2018

Samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar 6. desember 2018

